



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 15. maí 2024

Efni: Tillögur Barna- og ungmennapings 2024

Tillögur barnapings 2024

1. Aukin áhersla á listir og verklegt nám

Mikilvægt að bjóða upp á verklegt nám til að hafa námið fjölbreytilegt. Sammæli um að brjóta upp námið mun meira en gert er í dag, t.d. með því að fara í bekkjarferðir og leyfa nemendum að búa til sín eigin verkefni. Verklagt nám er líka góður undirbúningur fyrir iðnám, fyrir þá nemendur sem stefna á slíkt nám.

2. Jafnt aðgengi fyrir alla. Tryggja hjólastólaaðgengi og merkja fyrir blinda.

Auka aðgengi fyrir fólk í hjólastól og vera t.d. með salerni í öllum skólum merkt fyrir fatlað fólk. Setja blindraletur fyrri utan allar stofur. Hjólastólaaðgengi og blindraletur í skólum ætti að vera sjálfssagður hlutur í dag.

3. Meiri aðstoð fyrir alla nemendur

Skoða mætti að koma upp heimavinnustofu fyrir nemendur. Í heimavinnustofu væri kennari með viðveru til kl. 17.00, og nemendur gætu nýtt sér aðstoð ef þau þurfa. Mikilvægt að allir fái aðstoð, sérstaklega ef þú getur ekki fengið aðstoð heima, það getur haft áhrif á mætingu nemanda í skóla ef þau vita ekki að þau geta fengið þá aðstoð sem þau þurfa í skólanum.

4. Fleiri vettvangsferðir

Félagsfærni er jafn mikilvæg og námsfærni. Verður að veita fjármagn svo hægt sé að koma við a.m.k. tveimur vettvangsferðum á ári. Væri t.d. hægt að skoða að hætta að fjármagna skóla með bókum þar sem allt er orðið aðgengilegt í spjaldtölvu. Nýta t.d. Íslendingasögur með því að heimsækja staði sem tengist námsefninu, fara í náttúrufræðiferð og skoða nátturuna sem verið er að læra um. Fleiri námsferðir myndi setja nýjan lit á námið og maður tengist náminu betur. Maður man meira hvað maður lærði ef upplifunin er góð.

5. Símareglur og símalaus svæði í skólum

Símareglur virðast vera mismunandi á milli skóla, mætti samræma þær reglur. Ef ákveðið verði að minnka símanotkun á skólatíma þá þarf að huga að afþreyingu eins og pool borði, spilum og meira opið í félagsmiðstöðinni á skólatíma.



6. Fartölvur í staðinn fyrir spjaldtölvur

Mikilvægt að læra fingrasetningu og á forrit eins og excel, word og powerpoint. Hægt væri að bjóða upp á chromebooks til undirbúnings fyrir menntaskóla, þar sem ekki eru notaðar spjaldtölvur í öllum menntaskólum. Erfitt að skrifa ritgerðir á spjaldtölvu, og mikilvægt að kynna fingrasetningu fyrir framtíðarstörf og menntun. Þyrfti ekki að vera á yngri stigum, en væri nauðsynlegt á unglingastigi. Okkur finnst mikilvægt að nota fartölvur til þess að læra á þær áður en við förum í menntaskóla og á vinnumarkaðinn.

7. Stytttri skóladag

Virðist sem að flestir skólar byrji kl. 8.30, fyrir utan einstaka skóla, þarf að samræma á milli skóla. Fyrir ungling að vakna kl. 07.00 er eins og fyrir fullorðin að vakna kl. 04.00 að nóttu. Æfingar eru oft búnar seint og því nánast ómögulegt að ná 9 tíma svefni, en heilinn virkar betur þegar maður er úthvíldur.

Tillögur ungmennapings 2024

1. Aðstaða og viðhald sparkvalla

Slæmt ástand á sparkvöllum bæjarins hefur komið til umræðu á fundum ungmennaráðs, auk ábendinga til ráðsins. Sér í lagi hefur aðstaðan við sparkvöllinn við Kársnesskóla verið nefnd en lýsingin og ástandið á vellinum þykir sérstaklega ábótavant.

2. Bæta vellíðan nemanda með aukinni fræðslu

Auka aðgengi að sálfræðingi og auka framboð á fræðslu fyrir ungt fólk. Eiga samtal um fræðslu við framhaldsskólann í sveitarfélaginu. Sem dæmi mætti auka hinsegin fræðslu og að hún byrji fyrr.

3. Öryggi á bílastæðum

Ungu fólk finnst bílastæði bæjarins óörugg og vilja að bærinn stígi þar inn í. Keyrt er hratt og lítið eftirlit með því.

4. Meiri flokkun

Kópavogsbær þarf að sýna hvatningu og gott fordæmi í að flokka, og þannig vera góð fyrirmynd fyrir bæjabúa. Kynna þarf betur flokkunarreglur í skólum og fylgja betur eftir. Ruslatunnur fyrir almenning á götum bæjarins ættu að gera ráð fyrir flokkun.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar

Virðingarfyllst,



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026